



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HRYÐJUVERK Í BRETLANDI SAMÚÐARKVEÐJA TIL BRETADROTTNINGAR OG BRESKU ÞJÓÐARINNAR

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, sendi í morgun, sunnudaginn 4. júní 2017, samúðarkveðju sína og íslensku þjóðarinnar til Elísabetar II Bretadrottningar vegna hryðjuverksins sem framið var í Lundúnum í gærkvöldi.

Í kveðjunni segir forseti meðal annars að enn á ný liggi saklausir borgarar í valnum eftir ódæði öfgamanna. Íslendingar samhryggist af öllu hjarta þeim sem nú sakna látinna ástvina og óski þeim sem liggja særðir á sjúkrahúsum eftir árásina góðs bata. Um leið vottum við öllum þeim sem komu til bjargar á ógnarstundu aðdáun okkar og virðingu.

Hryðjuverk væru ógn við frjáls og opin lýðræðissamfélög og brýnt að þjóðir heims stæðu saman og ynnu að því með öllum tiltækum ráðum að frjálsum, friðelskandi borgurum stafi ekki stöðug ógn af grimmdarverkum öfgamanna.

4. júní 2017

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).

